

Nd.

238. Nefndarálit

um frumvarp til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Kenslumálanefnd neðri deildar alþingis hefir fengið til umsagnar frumv. til laga um styrktarsjóð handa barnakennurum.

Nefndin játar, að hér sé að ræða um þá stétt þjóðfélags vors, sem á komanda tíma er ætlað að hafa á hendi mikið hlutverk og veglegt, þar sem fræðsla ungmenna er og að það skifti mjög miklu, að nýtir menn og góðir ráð-ist í þá stétt. En þar sem hér hlýtur, vegna staðhátta vorra, að vera um all-fjölmenna stétt að ræða í hlutfalli við tölu landsmanna, þá er ekki unt að veita þau launakjör, er æskilegt hefði verið, til þess að starfið sé fýsilegt. Frumvarp þetta er ofurlítið spor í þá átt, að tryggja snauðum barnakennurum lítils háttar styrk á efri árum þeirra, eða þegar sjúkdóma ber að höndum, þar sem laun barnakennara eru lítil og ekki líkur til, að þau geti orðið hækkuð fyrst um sinn, þá er auðsætt, að ekki er sanngjarnt að ætlast til, að þeir leggi meira fram af launum sínum árlega til þess að tryggja sér lífeyri, en frumvarpið gerir ráð fyrir. Hins vegar ekki fært að ætla svo fjölmennri stétt eftirlaunarétt. Þær radd-ir auk þess allmargar, sem fremur vilja takmarka eftirlaunaréttinn en auka hann.

Þess vegna leggur nefndin til, að háttv. neðri deild samþykki frumv. þetta með orðabreytingum þeim, sem hér greinir:

Við 4. gr. Greinin orðist svo: Þriggja manna nefnd skal stjórna styrkt-arsjóði þessum undir yfirumsjón landsstjórnarinnar. Í nefndinni eru umsjónar-maður fræðslumálanna o. s. frv., eins og í 4. gr. frumvarpsins.

Alþingi, 16. marz 1909.

Björn Jónsson,
formaður.

Jón Magnússon.

Hálf dán Guðjónsson,
skrifari og framsögum.

Bjarni Jónsson
frá Vogu.

Eggert Pálsson.

Jón Jónsson N.-M.

Stefán Stefánsson Eyf.